

Lífeyrissjóðsiðgjöld – Dagpeningar

Viðbótariðgjald til lífeyrissjóða – Tryggingagjaldskylda mótframlaga
Dagpeningar frá 1. júní 2000

1. Hámarksfrádráttur vegna viðbótar- lífeyrissparnaðar hækkar úr 2% í 4%

Frá 1. júní er heimilt að veita í frádrátt í staðgreiðslu allt að 4% af iðgjaldsstofni vegna iðgjalda til aukningar lífeyrissréttinda eða lífeyrissparnaðar samkvæmt ákvörðun sjóðsfélaga, enda séu iðgjöldin greidd reglulega skv. samningi til lífeyrissjóða eða aðila skv. 3. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrissréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sama gildir um iðgjöld manna sem hafa með höndum atvinnurekstur.

2. Framlög til lífeyristrygginga eru stofn til tryggingagjalds

Framlög launagreiðenda til lífeyristrygginga og lífeyrissparnaðar mynda stofn til tryggingagjalds. Undantekning frá því er það mótframlag sem gengur til lækkunar á tryggingagjaldi sbr. 3. tölulið hér á eftir.

3. Lækkun á desember-tryggingargjaldi verður að hámarki 0,4% í stað 0,2%

Greiði launagreiðandi framlag á móti iðgjaldi launþega til viðbótarlífeyrissparnaðar sbr. 1 á hann rétt á lækkun á tryggingagjald. Sú lækkun getur mest verið 10% af iðgjaldi launamannsins eða 0,4% af iðgjaldsstofni hans. Skilyrði lækkunar er að mótframlagið sé innt af hendi um leið og iðgjald launamanns er dregið af launum hans. Við staðgreiðslu tryggingagjalds skal taka tillit til lækkunarinnar einu sinni á ári við uppgjör fyrir desember. Þeir sem hætta rekstri á árinu skulu þó taka tillit til lækkunarinnar við síðustu skil ársins.

Dagpeningar innanlands

Mat á kostnaði á móti dagpeningum til greiðslu á gistingu og fæði innanlands verður:

- | | |
|--|------------|
| • Gisting og fæði í einn sólarhring | kr. 10.600 |
| • Gisting í eina nótt | kr. 6.400 |
| • Fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag | kr. 4.200 |
| • Fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag | kr. 2.100 |

Skilyrði til að halda megi dagpeningagreiðslum utan staðgreiðslu eru að fyrir liggja gögn um tilefni ferðar og fjölda dvalardaga, fjárhæð ferðapeninga eða dagpeninga eða eftir atvikum reikningar frá þriðja aðila, svo og nafn og kennitala launamanns.

Gildir frá 1. júní 2000

Dagpeningar erlendis

Dagpeningar til greiðslu á gistingu, fæði og fargjöldum frá og að flugvöllum og öðrum sambærilegum fargjöldum erlendis. Gildir frá 1. júní 2000:

Almennir dagpeningar		Gisting	Annað	Samtals
Bretland og Rússland	SDR	128	90	218
New York borg og Washington DC	SDR	132	78	210
Asía, Afríka og S-Ameríka	SDR	130	105	235
Annars staðar	SDR	95	90	185

Dagpeningar vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa:

		Gisting	Annað	Samtals
Bretland og Rússland	SDR	82	58	140
New York borg og Washington DC	SDR	85	50	135
Asía, Afríka og S-Ameríka	SDR	83	67	150
Annars staðar	SDR	61	58	119

Sölurit ríkisskattstjóra

Ríkisskattstjóri vill vekja athygli á eftirfarandi söluritam um skattareglur.

Handbók um virðisaukaskatt var gefin út í september 1998. Hún hefur að geyma samantekt og túlkun ríkisskattstjóra á gildandi virðisaukaskattsrétti og þjónar þeim tilgangi að skýra og auðvelda framkvæmd virðisaukaskatts. Ritið felur í sér allar helstu reglur sem gilda um virðisaukaskatt og er sem slíkt afar handhægt uppláttarrit þegar leitað er upplýsinga og/eða svara í álittamálum varðandi virðisaukaskatt. Leiðbeinandi smásöluverð er 3.000 kr.

Tekjuskattur og eignarskattur - skattalagasafn var síðast gefið út í september 1999. Hér er um að ræða uppfært safn laga, reglugerða og auglýsinga um tekjuskatt og eignarskatt, aðra beina skatta, svo og bókhald og ársreikninga og fleiri lög varðandi beina skatta. Leiðbeinandi smásöluverð er 2.000 kr.

Virðisaukaskattur og fleiri óbeinir skattar - skattalagasafn. Þetta rit var síðast gefið út í september 1997 og er uppselt. Unnið er að uppfærslu ritsins og áformað að gefa það út að nýju síðar á árinu. Leiðbeinandi smásöluverð verður 2.000 kr.

Dreifingu bókanna annast Ríkiskaup og hafa þær verið til sölu í Bókabúð Lárusar Blöndal, Bók-sölu stúdenta, Máli og menningu og Pennanum - Eymundsson.

